

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 18. ágúst kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 880.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Borghildur Sölvey Sturludóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum. Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Ingimar Sveinsson, Brynja Kemp Guðnadóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Þórður Már Sigfússon, Björn Ingi Edvardsson og Olga Guðrún B Sigfúsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Iðunnarbrunnur 1, (fsp) aukið** (02.693.4) Mál nr. SN220495
byggingarmagn í kjallara Skjalnr. 14681
Ragnar Logi Magnason, Iðunnarbrunnur 1, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Ragnars Loga Magnússonar, dags. 8. ágúst 2022, um aukið byggingarmagn innan lóðar í kjallara sem verður eingöngu nýtt sem geymslurými, á lóð nr. 1 við Iðunnarbrunn. Einnig lagður fram uppdr. Mannvits dags. í mars 2006 (br.febr. 2007 og sept. 2008). Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2022. Samræmist ekki deiliskipulagi.
- 2. Langagerði 9, Lengja svalir og flr.** (18.302.04) Mál nr. BN060474
Skjalnr. 10479
Jón Vilberg Guðjónsson, Langagerði 9, 108 Reykjavík
Margrét Sigurðardóttir, Langagerði 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að anddyri hefur verið stækkað, steypu svalahandriði skipt út fyrir gler og gluggar síkkaðir á austurhlið neðri hæðar, einnig er sótt um leyfi til þess að saga niður úr glugga á vesturhlið, setja rennihurð, lengja svalir meðfram vesturhlið og gera stoðvegg og steypar tröppur frá svölum niður garð einbýlishúss á lóð nr. 9 við Langagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2022 samþykkt.
- 3. Drafnarstígur 5, Bygging garðskála** (11.342.14) Mál nr. BN061176
Skjalnr. 6192
Pre ehf, Drafnarstíg 5, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja garðskála á austurhlið, stækka anddyri, ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum kjallara og öðrum breytingum á einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Drafnarstíg. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2022.

Lagfærð bókun frá fundi 11. ágúst 2022:

Rétt bókað: Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Drafnarstíg 3, 5A og 7 og Bræðraborgarstíg 10,10A og 12.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.

4. **Úthlíð 7, hækka ris og gera íbúð** (12.701.10) Mál nr. BN061020
Skjalnr. 13546
Ragnar Örn Steinarsson, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Sólrun W Kamban, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og gera íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 7 við Úthlíð. Erindi var samþykkt í grenndarkynningu og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Birgis Haraldssonar dags. 29. júlí 2022 þar sem óskað er eftir skuggavarp. Erindið var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 15. ágúst 2022. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Lára Guðmundsdóttir dags. 15. ágúst 2022, Alda Júlía Magnúsdóttir f.h húsfélagsins Flókagötu 58 dags. 15. ágúst 2022, Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, og fh. Boga Brynjars Björnssonar, Guðrún Jórunn Kristinsdóttir dags. 16. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Langholtsvegur 169, breyting á deiliskipulagi** (13.993) Mál nr. SN220432
Skjalnr. 13994
Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík
Snorri Petersen, Langholtsvegur 169A, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 6. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 169 við Langholtsveg (hús nr. 169 og 169A við Langholtsveg). Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, samkvæmt uppdr. KRark dags. 5. júlí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Umsækjandi hafi samband við embættið.
6. **Járnháls 2-4, breyting á deiliskipulagi** (04.323.3) Mál nr. SN210732
Skjalnr. 11742
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. febrúar 2022 var lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 1. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir. Kvöð um umferð er sett á lóðina fyrir umferð að Krókhálsi 3 (neðri hæð) ásamt því að ný lóðarlína er dregin í miðju þeirrar kvaðar og bætt við umferð að Krókhálsi 1 (neðri hæð). Byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall hækkað ásamt því að kvaðir sem eru á mæliblaði fyrir Járnháls 2-4 eru færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt og ný aðkoma er gerð að lóð nr. 4, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 12. október 2021. Umsækjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindið nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

7. **Langagerði 22, Nýir kvistir og svalir** (01.832.011) Mál nr. BN056643
Skjalnr. 14106
- Guðrún Hauksdóttir, Langagerði 22, 108 Reykjavík
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að bæta við kvisti á suðurþekju fjöleignarhúss á lóð nr. 22 við Langagerði.
- Erindi fylgir afrit af eldri teikningum samþykktum 27. nóvember 1980 og fyrirspurnarteikningum dags. 24. apríl 2019, umboð eigenda íbúðar 01-0101 dags. 23. september 2019 og samþykki meðlóðarhafa áritað á A3 afrit af teikningum A-100 - A-101 dagsettum 3. september 2019.
- Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2019.
- Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020.
- Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
- Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 4, 6, 8, 20, 24, 30, 32 og 34 frá 3. nóvember 2020 til og með 1. desember 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristján Brynjar Bjarnason og Björg Valgeirsdóttir dags. 1. desember 2020.
- Stækkun: 1.8 ferm., 9.1 rúmm.
- Gjald kr. 11.200
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
8. **Haukshólar 3, (fsp) - Fjölgun eigna kjallara** (04.64) Mál nr. BN061351
Skjalnr. 14669
- Hafðís Vala Freysdóttir, Hólaberg 26, 111 Reykjavík
Hilmar Freyr Hilmarsson, Hólaberg 26, 111 Reykjavík
Ásbjörn Freyr Jónsson, Hólaberg 26, 111 Reykjavík
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. ágúst 2022 þar sem spurt er hvort leyft yrði að stækka jarðhæð með notkun á óútgröfðu rými jarðhæðar, fjölgun íbúða með tilheyrandi breytingum á innra skipulagi húss á lóð nr. 3 við Haukshóla. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
- Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm.
- Erindi fylgir skissur fyrirspurnaraðila unnar ofan á afrit samþykktra aðaluppdráttar og samþykki eigenda dags. 8. ágúst 2022.
- Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022. Samræmist ekki hverfisskipulagi.*
9. **Laugavegur 86-94, (fsp) nr. 90 - rekstur** (01.174.3) Mál nr. SN220329
veitingastaðar Skjalnr. 7278
- Björn Guðmundsson, Hraunbær 14, 110 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Björns Guðmundssonar dags. 27. maí 2022 um rekstur veitingastaðar að Laugavegi 90, lóð nr. 86-94 við Laugaveg. Einnig er lögð fram skissa á byggingarnefndarteikningu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022 samþykkt.*
10. **Tangarhöfði 2, (fsp) gististaðir á efstu hæð** (04.063.501) Mál nr. SN220350
hússins Skjalnr. 14656
- Kvótasalan ehf., Vesturvangi 44, 220 Hafnarfjörður
- Lögð fram fyrirspurn Kvótasölunnar ehf. dags. 1. júní 2022 um rekstur gististaðar á efstu hæð hússins á lóð nr. 2 við Tangarhöfða. Einnig lagðir fram uppdr. Kristins Ragnarssonar dags. 15. mars 2003.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Miðtún 58, timbursmáhýsi og pallur** (01.235.011) Mál nr. BN061146
Skjalnr.
Tryggvi Viðarsson, Miðtún 58, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja gestahús úr timbri á vesturhluta lóðar og verönd og tröppur við vesturgafi fjölbýlishúss á lóð nr. 58 við Miðtún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2022.
12. **Tómasarhagi 27, (fsp) hækkun þaks, kvistir og þakgluggi** (01.554.0) Mál nr. SN220496
Skjalnr. 8216
Ágúst Hafsteinsson, Eyrarvegur 4, 600 Akureyri
Lögð fram fyrirspurn Ágústs Hafsteinssonar, dags. 9. ágúst 2022, um að hækka þak og koma fyrir tveimur nýjum þakkvistum, auk þakglugga í húsinu á lóð nr. 27 við Tómasarhaga. Einnig lagt fram forsaga málsins, uppdrættir, umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. apríl 2020 og samþykki meðeigenda dags. 15. júní 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Flókagata 19, (fsp) rekstur gististaðar í flokki II** (01.243.7) Mál nr. SN220483
Skjalnr. 6618
Guðbrandur Ágúst Þorkelsson, Barmahlíð 44, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðbrands Þorkelssonar dags. 28. júlí 2022 um rekstur gististaðar í flokki II í kjallara hússins á lóð nr. 19 við Flókagötu. Einnig er lögð fram ljósmynd.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Auglýsingaskilti við Lönguhlíð, Standur fyrir auglýsingaskilti** (04.321) Mál nr. BN060324
Skjalnr. 7192
DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 7. júní 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Þuríður Höskuldsdóttir dags. 10. maí 2022, Guðrún Sigríður Sigurðardóttir dags. 12. maí 2022, Guðrún Sigurðardóttir f.h. Húsfélagsins Lönguhlíð 7, 9, 11 dags. 13. maí 2022, Björn Hrannar Björnsson og Karin Schmitz dags. 15. maí 2022, Ásdís Auðunsdóttir dags. 27. maí 2022, Þórey Sigþórsdóttir dags. 3. júní 2022, Breki Karlsson og Steinunn Þórhallsdóttir dags. 3. júní 2022, Sigríður V. Jónsdóttir og Leó Alexander Guðmundsson dags. 3. júní 2022, Kristín Una Sigurðardóttir dags. 3. júní 2022, Hildur Sigrún Valsdóttir dags. 3. júní 2022, Hafdís Rós Jóhannesdóttir dags. 3. júní 2022, Ylfa Árnadóttir dags. 3. júní 2022, Þórarinna Söbech dags. 3. júní 2022, Þórunn Sif Þórarinsdóttir dags. 3. júní 2022, Una Eydís Finnsdóttir dags. 3. júní 2022, Gunnar Hörður Garðarsson dags. 3. júní 2022, Inga Hrund Gunnarsdóttir dags. 3. júní 2022, Bjarni Hjartarson dags. 3. júní 2022, Elísabet Ólafsdóttir og Einar Helgason dags. 3. júní 2022, Nína Friðriksdóttir dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson, Helga Skúladóttir og Kristinn Hrafnsson f.h. húsfélagsins Miklabraut 68, 70 og 72 dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson dags. 4. júní 2022, Guðmundur Guðnason dags. 4. júní 2022, Ásgeir Beinteinsson f.h. hússtjórnar Lönguhlíð 13, 15 og 17 dags. 5. júní 2022, Justine Vanhalst dags. 5. júní 2022, Freyr Pálsson dags. 6. júní 2022, Sigurlaug Helga Teitsdóttir dags. 6. júní 2022, Tómas Joensen dags. 6. júní 2022, Guðmunda Kristjánsdóttir dags. 6. júní 2022, Einar Skúlason dags. 7. júní 2022 og Eva Rut Hjaltadóttir dags. 7. júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júní 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

15. **Eirhöfði 18, Viðbygging** (04.030.0) Mál nr. BN061300
Skjalnr. 6506
Heilsa og fegurð ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við austurhlið húss á tveimur hæðum, bæta við millilofti og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 18 við Eirhöfða. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra. *Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
16. **Gullslétta 1, breyting á deiliskipulagi** (34.532.101) Mál nr. SN220460
Skjalnr. 14662
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
AGROS Lækjarmelur 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lögð fram umsókn K.J.ARK slf. dags. 20. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa til innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um veggghæð eða mænishæð er að ræða, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 19. júlí 2022. *Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs. Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*
17. **Kjalarnes, Esjumelar, framkvæmdaleyfi** (34.2) Mál nr. SN220511
Skjalnr. 10184
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 16. ágúst 2022 um framkvæmdaleyfi vegna heildarframkvæmda við gerð gatna og jarðvegsskipti fyrir göngu- og hjólastíga og lagnir á Esjumelum. Verkið felst í gerð nýrra gatna og fullnaðarfrágangi stofnlagna fráveitu, skólplagna, vatns í götustæði, stofnlagna hitaveitu, rafmagns og ljósleiðara í gangstéttarstæði, götulýsingar og heimæða aðliggjandi lóða. Einni er lagður fram uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. júní 2022. *Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
18. **Kjalarnes, Skrauthólar 4, breyting á deiliskipulagi** (33.2) Mál nr. SN220284
Skjalnr. 10158
H-O-H sf., Bergstaðastræti 9, 101 Reykjavík
Kristinn Ragnarsson, arkít ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 12. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi vegna landsins Skrauthólar 4. Í breytingunni felst að heimilt verði að innrétta íbúð á efri hæð þjónustubyggingar og að breyta fjárhúsi í norðurhluta landsins í einbýlishús, samkvæmt uppdr. KRark dags. 9. maí 2022. Erindi er lagt fram að nýju ásamt umsögn Veðurstofu Íslands dag. 11. júlí 2022. *Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.*
19. **Varmadalur 5, Atvinnuhúsnæði** (34.5) Mál nr. BN061294
Skjalnr. 10167
Jón Sverrir Jónsson, Varmadalur 2, 162
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhús úr forsteyptum einingum á lóð nr. 5 við Varmadal. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra. *Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Varmadal 1, 2, 4, Sólbakka í Varmadalsslandi og Dal í Varmadalsslandi Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.*

20. **Egilsgata 14, Rétt hæð lóðar og mannvirkis** (01.195.003) Mál nr. BN060948
breytt erindi BN055057 Skjalnr. 14003
Ísey Investments ehf., Laxatungu 47, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055057 þannig að hæð lóðar og mannvirkja innan hennar er leiðrétt fyrir íbúðarhús og bílskúr á lóð nr. 14. við Egilsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
21. **Hrísateigur 9, Viðbygging og hækkan** (13.601.07) Mál nr. BN061225
Skjalnr. 14680
Jón Bjarni Baldvinsson, Hofteigur 22, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka bílskúr og til að byggja viðbyggingu við hann til suðvesturs á lóð nr. 9 við Hrísateig. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022 samþykkt.
22. **Rafstöðvarvegur 6, (fsp) hleðslustæði** (04.255.3) Mál nr. SN220307
Skjalnr. 14247
Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Orkuveitu Reykjavíkur dags. 18. maí 2022 um að setja hleðslustæði á lóð nr. 6 við Rafstöðvarveg. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022. Ekki er fallist á að breyta grænu svæði í bílastæði.
23. **Réttarholtsvegur 21-25, Færanleg stofa** (18.323.01) Mál nr. BN061056
Skjalnr. 10665
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
MG-hús ehf., Smáraríma 2, 112 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir færanlegri kennslustofu K132-J og mun hún þjóna sem vinnustofa fyrir tónlistaraðstöðu fyrir Réttarholtsskóla á lóð nr. 21-25 við Réttarholtsveg. Um er að ræða áðurgerða framkvæmd. Erindi var grenndarkynnt frá 21. júní 2022 til og með 19. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristín Valtýsdóttir dags. 30. júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022 sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa
24. **Spítalastígur 4, 6, 4a og 6b, (fsp) breyting á** (01.184.0) Mál nr. SN220380
lóðarmörkum Skjalnr. 11050
Baldur Ólafur Svavarsson, Hlíðarbyggð 14, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Baldurs Ólafs Svavarssonar f.h. Bláistekkur ehf., dags. 14. júní 2022, um breytingu á lóðarmörkum lóða nr. 4, 6, 4a og 6b við Spítalastíg, samkvæmt uppdr. Úti-Inni arkitektar dags. 9. júní 2022. Einnig lagt fram bréf hönnuðar dags. 9. júní 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.

25. **Naustabryggja 55-57, Svalalokun** (40.232.04) Mál nr. BN061275
Skjalnr. 7249
Bjarni Þór Þórólfsson, Naustabryggja 55, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja svalaskjól á svalir íbúðar 0403 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 55-57 við Naustabryggju. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
26. **Túngata 13-15 og Hávallagata 14-16, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN220262
Skjalnr.
Steinselja ehf., Laugarnesveg 92, 105 Reykjavík
Landakotsskóli ses., Túngötu, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Steinselju ehf. dags. 6. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits vegna lóðanna nr. 13-15 við Túngötu og 14-16 við Hávallagötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs og suðurs til að fjölga tímabundið færanlegum kennslurýmum, samkvæmt uppdr. Steinselju ehf. dags. 4. maí 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. júní 2022 til og með 18. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Björg Bergljót Pálmadóttir, Jóhannes Benediktsson, Halla Helg Skjaldberg, Málfríður Skjaldberg og Þorbjörg Skjaldberg dags. 13. júlí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júlí 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
27. **Láland 16, breyting á deiliskipulagi** (01.874.2) Mál nr. SN220187
Skjalnr. 10709
Kurt og Pí ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Guðmundur Auðunn Auðunsson, Láland 16, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 30. mars 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 16 við Láland. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 16. mars 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt samþykki meðlóðarhafa dags. 15. júní 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 15. ágúst 2022. Ábending barst frá Veitum dags. 2. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Síðumúli 10, nýtt Geymsluhús** (12.923.01) Mál nr. BN060857
Skjalnr. 9761
Búseti húsnæðissamvinnufélag, Síðumúla 10, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja geymslu sem verður mhl. 02, suðvestan megin við mhl. 01 og gera glugga á norðvesturhlið og suðvesturhlið húss á lóð nr. 10 við Síðumúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022. Lagt fram að nýju ásamt lagfærðum uppdráttum dags. 9. júní 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 15. ágúst 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

29. **Brautarholt 6, Breytingar 1. og 2. hæð** (01.241.204) Mál nr. BN060766
Skjalnr. 11547
Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innrétta 6 íbúðir á 2. hæð, innrétta geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022 samþykkt.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist lagfærðir uppdættir, en sýna þarf breytingu á lóðamörkum í samræmi við umsögn.
30. **Bústaðavegur 151-153, breyting á deiliskipulagi** (01.826.1) Mál nr. SN220513
Skjalnr. 7581
Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Veitna ohf dags. 17. ágúst 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Bústaðarvegar 151-153, vegna lóðarinnar sem áður var nr. 151E en verður eftir breytingu nr. 145A við Bústaðarveg. Í breytingunni felst að lengja lóð um 4 m til suðurs og stækka byggingarreit, samkvæmt uppdr. Landslags efh. dags. 16. ágúst 2022.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
31. **Vesturgata 67, Gluggabreyting** (01.331) Mál nr. BN061348
Skjalnr. 14053
Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. ágúst 2022 þar sem sótt er um um leyfi til að breyta erindi BN058368 þannig að gluggasetningu á framhlið er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 67 við Vesturgötu sbr. uppdætti +Arkitektar dags. 9. ágúst 2022. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:20.

:Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir